

L Ö G

um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að draga úr áhrifum verðhækkunar á olíu til hitunar íbúðarhúsnæðis með ráðstöfun á tekjum af 1% gjaldi, sem lagt er á söluskattsstofn með lögum nr. 5 28. febr. 1974, um álagningu sérstaks gjalds til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana.

2. gr.

Tekjum af gjaldi því, sem um ræðir í 1. gr., skal varið:

- a) Til að styrkja þá aðila, sem nota olíu til hitunar íbúða sinna, og greiðist sama upphæð á hvern íbúa, sem býr við olíuupphitun. Þó skulu lífeyrisþegar, sem njóta bóta samkv. 19. gr. laga um almannatryggingar, og aðrir lífeyrisþegar, sem hafa svipaðar heildartekjur, fá greiddan styrk, sem nemur $1\frac{1}{2}$ styrk einstaklings. Olíustyrkur greiðist hverjum framteljanda til skatts og einnig vegna maka og barna, sem eru á framfæri hans og eigi eru sjálfstæðir framteljendur. Skal hann ekki talinn til tekna við álagningu tekjuskatts og útsvars.
- b) Til að veita styrk til rafveitna að því marki, sem þær nota olíu sem orkugjafa til framleiðslu rafmagns til hitunar íbúða á sölusvæði sínu.

3. gr.

Tekjum af gjaldi því, sem innheimt er samkvæmt lögum nr. 5/1974, skal úthlutað fyrir milligöngu bæjar- og sveitarfélaga í samræmi við ákvæði 2. gr., svo sem nánar er ákveðið í reglugerð. Sveitarstjórnir skulu gera viðskiptaráðuneytinu grein fyrir fjölda þeirra íbúa í viðkomandi sveitarfélagi, sem búa við olíuupphitun.

4. gr.

Viðskiptaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. maí 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Lúðvík Jósepsson.